

Athugasemdir Höfuðborgarsamtakanna

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum – 131. löggj.þing 2004-5, þskj.241 – 235.mál

I. KAFLI

Athugasemdir Höfuðborgarsamtakanna við breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum:

Ákvæði 19gr. f/ b:

Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 3.000m²

Rökstuðningur:

Samtökin benda á að bygging 10.000m² verslunarflatar getur haft mikil og afdrifarík áhrif á umverfi verslunar og viðskipta hvar sem er, jafnt í stærri sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem í öðrum kaupstöðum á landsbyggðinni. Aðhald, sem matsskylda veitir, getur tryggt að gróið viðskipta- og menningarumhverfi verði ekki fyrir skakkaföllum og að ekki verði rasað um ráð fram í ótímabærum og lítt hugsuðum fjárfestingum.

Ákvæði 19gr. g:

Höfuðborgarsamtökin telja að allir flugvellir skuli undantekningarlaust vera matsskyldir. Samtökin leggja til að 9. töluliður 1. viðauka orðist svo:

9. Flugvellir.

Ákvæði um flugvelli í 2. viðauka falli niður.

Rökstuðningur:

Samtökin telja að af umræðum undanfarin ár um flugrekstur í miðborg Reykjavíkur sé ljóst að flugvellir hafa miklu alvarlegri áhrif á umhverfi sitt en almennt var talið. Neikvæðar afleiðingar í þéttbýli stafa m.a. af hávaðamengun, sjónmengun, loftmengun, flugslysaáhrifum, ófriðar- og hryðjuverkaáhrifum, sóun byggingarlands, bæklun samgöngukerfa, skerðingaráhrifum í aðflugsflötum, skerðingaráhrifum í 45m hæð 4.000m út frá miðlínunum flugbrauta og almennum splundrunaráhrifum í allri byggðinni. Flugvellir utan þéttbýlis verða sömuleiðis að sæta umhverfismati vegna stærðar sinnar og hugsamlegra neikvæðra áhrifa á landslag, gróður og dýralíf.

II. KAFLI

Höfuðborgarsamtökin gera ekki athugasemdir við breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Samtökin gera á hinn bóginn eftirfarandi þrjár athugasemdir við önnur ákvæði laganna og óska þess að umhverfisnefndin og þingið taki þær til greina. Þessar athugasemdir ber að skoða í samhengi. Þeim er ætlað að styrkja lýðræðislega og faglega meðferð skipulagsmála:

1.gr 3.mgr. hljóði svo:

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að **mikilsverðir samfélagshagsmunir víki aldrei fyrir minni hagsmunum einstaklinga og hópa og réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borin þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,**

Rökstuðningur:

Á undanförunum áratugum hafa ráðandi öfl í æ ríkari mæli farið frjállega með skilgreiningu á forsendum og markmiðum skipulags, án samráðs við kjósendur en eftilátið þeim aðkomu að fullbúnum tillögum og úreltu kær- og athugasemdaferli. Í þessu ferli er viðtækum almannahagsmunum of oft fórnað fyrir léttvæga hagsmuni einstaklinga og hópa. Höfuðborgarsamtökin benda á að síðari málsliður í núverandi lagatexta virkar ekki í báðar áttir, felur ekki í sér þá merkingu, sem samtökin vilja að bætt verði við þessa lagagrein.

Í 9.gr. 4.mgr. falli niður orðin “*eftir föngum*”. Málsgreinin hlóði svo:

Við gerð skipulagsáætlana skal leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmiða.

Rökstuðningur:

Höfuðborgarsamtökin benda á að það er grunnþáttur þátttöku- og íbúalýðræðis að sjálfir handhafar valdsins, kjósendurnir, komi að mótun umhverfis síns með beinum hætti. Óhjákvæmilegt er að íbúar tjái sig um forsendur og markmið strax á frumstigum skipulagsvinnunnar. Þetta á við um allt skipulag, deili-, aðal- og svæðisskipulag. Athugasemda- og kærufæri skipulagslaganna á í raun lítið skylt við lýðræði. Orðin, sem samtökin vilja að felld verði niður (“*eftir föngum*”) hafa allt of oft verið nýtt af ráðamönnum til að komast hjá hvers kyns samráði við kjósendur um þá þætti skipulags, sem mestu máli skipta, um forsendur og markmið.

17.gr. Ný fyrsta málsgrein:

Áður en hafin er gerð endanlegrar tillögu að aðalskipulagi skulu frumdrög hennar, markmið og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundum eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Rökstuðningur:

Sá sami og hér að framan.

Reykjavík, 29.11.2004

Virðingarfyllst

f.h. Höfuðborgarsamtakanna,

Örn Sigurðsson arkitekt
Fjólugötu 23, 101 Reykjavík
551 0683 - 822 0683
arkorn@talnet.is
